

Nd.

102. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson, Helgi Jónasson, Gísli Sveinsson, Bjarni Bjarnason, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændaeftum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandsundirlendi.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður skólanum stað, að fengnum tillögum Búnaðarfélagss Íslands.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Í stað orðanna „Við hvorn skóla“ í byrjun 1. málsg. 4. gr. laganna komi: Við hvern skólanna, og í stað orðanna „hvorum skóla“ í 3. málsg. sömu lagagr. komi: hverjum skólanna. — Enn fremur komi í stað orðanna „Í hvorum skóla“ í 1. málsg. 5. lagagr.: Í hverjum skóla.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Sérákvæði um bændaskóla Suðurlands.

Eftir gildistöku laga þessara skal svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, reisa bændaskóla Suðurlands.

Ef hentugt jarðnaði skortir fyrir skólann, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jörð fyrir hann á kostnað ríkissjóðs.

Þegar bændaskóli Suðurlands tekur til starfa, skal hefja tilraunastarfsemi í sambandi við hann, eftir því sem unnt er.

Sérstaka áherzlu skal leggja á eftirtaldar tilraunir:

- a. Tilraunir með kynbætur alidýra, einkanlega nautgripa og sauðfjár.
- b. Tilraunir með jarðargróða og rannsókn á gæðum fóðurjurta með tilliti til fóðurgildis. Enn fremur skal rannsaka, á hvern hátt hagkvæmast er og bezt að verka og geyma fóðurljurtir.
- c. Fóðurtilraunir búfjár, vetrarþétt sauðfjár í sambandi við kjarnfóðurgjöf, og sumarþétt mjólkurkúna á ræktuðu og óræktuðu landi.
- d. Þurrkun lands, bæði með tilliti til ræktunar og notagildis til þéttar.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur aðsóknin að bændaskólunum aukizt að kalla jafnt og þétt. Það mun ekki fjarri lagi, að orðið hafi að neita jafnmörgum þittum um skólavist og fengið hafa inngöngu í skólana, og hefur þó verið tekið á móti eins mörgum nemendum eins og nokkur tók voru til. Fyrir aldamót voru fjórir búnaðarskólar í landinu; nú eru þeir aðeins tveir, að vísu mun stærri hvor heldur en hinir voru hver einstakur, en það litlir, að óviðunandi er. Bændaeftum landsins hefur aldrei verið meiri þörf á að fá fræðslu til undirbúnings starfi sínu en nú. Þer margt til þess, og skal hér fátt eitt talið. Búnaðarhættir hafa með þjóðinni breytt allmjög hin síðustu ár. Er nú allt önnur aðstaða til landbúnaðarframleiðslu en áður. Sakir gerþreytt fyrirkomulags í viðskiptum með landbúnaðarframleiðslu er miklu vandasamara en fyrrum um hirðing og meðferð varanna, t. d. mjólkur og mjólkurafurða o. fl. o. fl. Krefst það mikillar leikni og þekkingar í störfum. Bændaeftum landsins er því hin mesta nauðsyn á að fá margháttða fræðslu og verklega æfing í ýmiss konar störfum í sýslan þeirra.

Þá þer og þess að gæta, að notkun véla við margháttuð landbúnaðarstörf hefur aukizt mjög mikið og mun fara í vöxt frá því, sem er, á næstu tímum. En meðferð þeirra og hirðing krefur þekkingar og leikni til að fara með þær svo að full not séu að við vinnuna og valdi ekki skemmdum á vélunum, sakir fákunnáttu og hirðuleysis. Það verður því alls ekki um það deilt, að þörfin á aukinni búnaðarfræðslu er brýn og aðkallandi.

Vera má, að sumir telji, að hagkvæmara væri að stækka bændaskólana á Hólum og Hvanneyri heldur en hyggja nýjan skóla, en þegar nánar er að gætt, hyggjum vér, að slíkt væri mjög óhyggilegt. Þer á það að líta, að þar, sem þessar stofnanir starfa, þarf aðstaða þeirra að vera á þann veg, að möguleikarnir til ræktunar og annarra framkvæmda í þágu búnaðarins séu góðir. Nú hagar svo til á Hólum og Hvanneyri, að ræktunarskilyrði eru ekki sem bezt og takmörkunum bundið, hvað mikið er hægt að vinna að aukinni ræktun. Þessir skólar eru líka það fjölmennir, að til þess að nemendur fái þá allra nauðsynlegustu æfingu í verklegum störfum, þarf árlega að taka talsvert stórt nýtt land til ræktunar. Getur því tæpast hjá því farið, áður en langir tímar líða, að land skorti á þessum stöðum til óhjákvæmilegra starfa fyrir þittana.

Er því sjálfsagt að reisa heldur skólann á nýjum og góðum stað, þar sem skilyrði eru góð til starfa fyrir stofnunina. Má og á það benda, að gróðurfar og veðráttla er mismunandi í hinum einstöku landshlutum. En fyrir þær sakir hentar bezt, að tilraunir í kynbótum búfjár og jarðrækt og ýmsum öðrum greinum landbúnaðarins fari fram í hinum ýmsu héruðum landsins.

Suðurland hefur mikla þörf á þessari stofnun. Er það einna stærsta og mesta framleiðsluhérað landbúnaðarins, hefur sérstætt veðráttufar, og gróðurriki þess er talsvert á annan veg en í öðrum héruðum. Þá eru miklar horfur á, að fólki fjölgi í héraðinu, og það hefur meiri og betri skilyrði til þess, að hýlum fjölgi að miklum mun frá því, sem nú er, heldur en nokkurt annað landbúnaðarhérað landsins.

Allt þetta bendir til þess, að þjóðin hafi mikla þörf fyrir þessa stofnun og hún verði hvergi betur komin heldur en á Suðurlandsundirlöndinu.

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjölýrða um málið, og það því síður, þar sem frumv. með greinargerð um þetta efni hefur áður verið horið fram.